**Tónlist** | Ragnar Bjarnason fagnar tvöföldu stórafmæli

# Ný plata og söng-skemmtun á Broadway

EINN ástsælasti dægurlagasöngvari sem þjóðin hefur átt, Ragnar Bjarnason, fagnar um þessar mundir 50 ára söngafmæli sínu, auk þess sem hann verður sjötugur 22. september.

Af því tilefni tók Ragnar sig til og ákvað að gefa út nýja sólóplötu með nýjum upptökum af gömlu góðu standördunum og svara þannig um leið þeim fjölda áskorana sem reglulega berast honum. Það sem meira er þá verður haldin heljarinnar afmælisskemmtun á Broadway 25. september nk. þar sem Ragnar mun syngja og skemmta í hópi góðvina sinna, sem sungið hafa og leikið með honum í gegnum tíðina.

Ragnar leggur nú lokahönd á plötuna sem hann tók upp í upptökusal FÍH. Nýja platan kemur til með að heita *Vertu ekki að horfa*, eftir laginu sem hann gerði svo frægt hér um árið, og innihalda 14–15 sígild dægurlög, mörg af þeim kunnustu lögum sem hann hefur sungið og gert fræg á ferli sínum, auk annarra frægra standarda sem hann hefur svo ótal sinnum sungið inn í hjörtu landsmanna á dansleikjum. Þótt upptökur séu nær allar nýjar leituðust útsetjararnir Þórir Baldursson, Árni Scheving, Jón Sigurðsson, Sigtryggur Baldursson, Karl Olgeirsson, Einar Jónsson og Björn Thoroddsen eftir því að hafa útsetningarnar sem sígildastar og jafnvel reyndu að endurskapa hljóminn sem var á upprunalegu upptökunum.

Valinkunnur hópur flytjenda leggur Ragnari lið á plötunni.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Raggi Bjarna og Borgardætur í góðri sveiflu við upptökur á nýju plötunni hans Ragga í FÍH á dögunum.**

Sveitina hans skipa Sigurður Flosason á saxafón og öðrum blásturshljóðfærum, Árni Scheving á víbrafón, Vilhjálmur Guðjónsson á gíturum, Jón Rafnsson á bassa, Þórir Baldursson á hljómborðum og Alfreð Alfreðsson á trommum. Þá syngja félagar úr Karlakórnum Fóstbræðrum með honum í nokkrum lögum á plötunni. Guðrún Gunnarsdóttir bregður sér enn einu sinni í hlutverk Ellyjar Vilhjálmsdóttur og syngur með Ragnari „Heyr mína bæn“. Borgardætur syngja bakraddir m.a. í nýrri íslenskaðri útgáfu á gamla rokkslagaranum „Rockin' Robin“ sem Kristján Hreinsson hefur samið texta við sem heitir „Jakkinn minn“. Þá leika Milljónamæringarnir og Páll Óskar með Ragnari á plötunni og annar gamall Milli, Bogomil Font, bregður sér í hlutverk Jóns bassa Sigurðssonar og syngur með Ragnari lagið „Út í Hamborg“. Og fleiri Millar koma við sögu því Bjarni Arason og kona hans Silja Rut Ragnarsdóttir syngja bæði með Ragnari á plötunni.

Í samtalið við Morgunblaðið segir Ragnar að allir þessir listamenn og fleiri til muni koma fram á afmælissöngskemmtuninni á Broadway. „Um leið verða þetta útgáfutónleikar fyrir plötuna og því verða öll lögin af henni tekin og fleiri til.“

Þá er gaman að geta þess að Sumargleðin síkáta mun koma saman aftur við þetta tilefni; Ragnar, Hermann Gunnarsson, Ómar Ragnarsson, Þorgeir Ástvaldsson, Bessi Bjarnason og Magnús Ólafsson en þeir hafa verið að taka lagið saman undanfarið í undirbúningnum fyrir þessi stóru tímamót í lífi Ragnars Bjarnasonar og sögu íslenskrar dægurtónlistar.